

# Úrvalsnyting nautanna sem voru fædd 2016


**Guðmundur Jóhannesson**  
ráðunautur  
í nautgriparækt  
mundi@rml.is



Sú hefð hefur skapast að sýna niðurstöður afkvæmarannsóknna á nautum með því að draga saman úrvalsnytingu innan hvers árgangs á myndrænan hátt. Með þessu má gera sér nokkra grein fyrir hvaða áhrif ætla má að komi fram í kúastofninum með notkun þeirra nauta sem valin eru til framhaldsnotkunar.

Í fyrstu skulum við skoða hvað er verið að mæla á þennan hátt. Úrvalsnyting fyrir ákveðinn eiginleika sýnir yfirburði þeirra nauta, sem valin eru til framhaldsnotkunar, í samanburði við það sem mögulega hefði mátt ná fram ef aðeins hefði verið valið fyrir þeim eiginleika og engum öðrum. Þegar valið er fyrir mörgum eiginleikum á sama tíma er illmögulegt að ná fram jákvæðu vali fyrir þeim öllum á sama tíma. Ástæða þess er ekki hvað síst að margir þeirra eiginleika sem valið er fyrir eru neikvætt tengdir innbyrðis og því verður sú útkoma ákaflega ólíkleg.

Hér verður litið á úrvalsnytingu



nauta sem fædd voru 2016 en afkvæmadómi þeirra er nýlukið og ljóst að ekki munu fleiri naut koma til framhaldsnotkunar úr árganginum. Þessi árgangur var tiltölulega stór á okkar mælikvarða en hann taldi 31 naut. Til áframhaldandi notkunar komu tólf naut, bæði mismiklu og mismiklu. Segja má að valið hafi verið nokkuð strangt og kröfumar

miklar til þeirra nauta sem komast til notkunar sem reynd naut.

Ef litið er á þá mynd sem kemur fram með nautin frá 2016 er hún fremur hagstæð, það er úrvalsnytingin er jákvæð fyrir flestum eiginleikum. Gagnvart þeim eiginleikum sem snúa útli og notagildi kúnna er hún mjög jákvæð en sýnu lakari hvað

afurðaeiginleikana snertir. Þetta þýðir áhrif þessara nauta verða að öllum líkindum sterk hvað útlitsþætti varðar sem og eiginleika eins og mjaltir og skap. Eðlilega kemur hæst úrvalsnyting fram í heildareinkunn enda sú einkunn sem ræður hvað mestu um val nautanna. Annað sem óneitanlega vekur athygli er hve há úrvalsnyting

þessa árgangs er fyrir eiginleika eins og mjaltir og skap. Þess er því að vænta að áhrif 2016 árgangsins verði þau að bæta mjög þessa eiginleika í kúastofninum.

Ef við berum úrvalsnytingu þessa árgangs saman við úrvalsnytingu nautanna frá 2013, 2014 og 2015 er hún lakari hvað afurðaeiginleikana varðar. Hvað júgur, spena, mjaltir, skap og endingu snertir er hún betri en hjá 2013 og 2014 árgöngunum og nokkuð áþekkt 2015 árganginum.

Þessi niðurstaða ásamt niðurstöðunni fyrir síðustu árganga sýnir að verulegra framfara er að vænta hvað snertir júgur- og spenagerð á komandi árum auk þess sem við getum vænst mikilla framfara hvað mjaltir og skap snertir. Framgangur afurðaeiginleikanna verður eitthvað hægari. Neikvæðasta niðurstaðan er sú að úrvalsnytingin gagnvart frjósemi er neikvæð. Þó verður að hafa í huga að meðaleinkunn þeirra nauta sem valin voru til framhaldsnotkunar fyrir frjósemi er vel yfir 100.

Niðurstaðan segir okkur fyrst og fremst að þessi nautaárgangur er góður til úrvals því þar komu fram margir einstaklingar sem ná að sameina mikla kosti í mörgum eiginleikum sem færa munu íslenska kúastofninn í rétta átt.